

STAÐFESTING Á STAÐFESTINGARSKÍRTEINI

(„Yfirlýsingin“)

Félagsbústaðir hf.,
Þönglabakka 4,
109 Reykjavík
berist framkvæmdastjóra

Reykjavík 29. október 2024

Efni: Staðfesting á staðfestingarskírteini

Vísað er til veðhafasamkomulagsins dagsett 5. janúar 2018 („veðhafasamkomulagið“). Hugtök sem notuð eru í þessu skjali en eru ekki skilgreind sérstaklega skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu.


Vísað er einnig til staðfestingarskírteinis sem gefið er út af lántaka, dagsett 28. október 2024 („staðfestingarskírteinið“), sem staðfestir stöðu og útreikning lánaþekju, virði og veðsetningu hinna veðsettu eigna, útistandandi veðsettar kröfur og yfirlýsingu lánveitandi um að engin vanefndatilvik séu viðvarandi.

Undirritaður hefur farið yfir staðfestingarskírteinið og þær upplýsingarnar sem veðgæsluaðila voru afhentar með staðfestingarskírteininu og, í þeim tilfellum sem veðgæsluaðili taldi þörf á, var óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka („sjálfstæða yfirferðin“). Að lokinni sjálfstæðu yfirferðinni, þá eru niðurstöður veðgæsluaðila eftirfarandi:

Þann 30. september 2024 var lánaþekja eftirfarandi: 24,88%.

Sjálfstæð yfirferð á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist verðmatinu sem lántaki setur fram í staðfestingarskírteininu og er ekki efnislega frábrugðið því. Sjálfstæði yfirferð hefur átt sér stað á stöðu áhvílandi lána og staðfestingu á því að veðsettar eignir séu tryggðar.

Fyrir hönd A.L. lögmanna slf. sem veðgæsluaðila


A.L. lögmenn slf.
Sigurður V. Guðjónsson hdl.